

# Árt 1.b. Samfélagsgreinar

---

Kennarar: Berta Sandholt; Þórrún Sigríður Þorsteinsdóttir

## Markmið með þessari lotu er að:

Unnið er út frá Aðalnámsskrá grunnskóla m.t.t. hæfnimarkmiða

## Námsgögn sem við notum:

Komdu og skoðaðu bókaflokkurinn

Bækur sem notaðar eru í Byrjendalæsi

## Kennsluhættir í lotunni:

Unnið á fjölbreyttan hátt, einstaklings og hópavinna.

## Námsmat:

Leiðsagnar- og sjálfsmat

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.
- Velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.

### Samfélagsgreinar fyrir 1.-4. bekk - Félagshéimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.
- Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.

- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.